

FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í Samstarfsnefnd sveitarfélaga í A-Hún. þriðjudaginn 31. október kl. 14:30 í Skagabúð.

Á fundinn mættu: Þorleifur Ingvarsson, Þóra Sverrisdóttir, Einar K. Jónsson, Vignir Sveinsson, Magnús Björnsson, Hörður Ríkharðsson, Valgarður Hilmarsson, Dagný Úlfarsdóttir, Adolf Berndsen, Magnús Jónsson, Steindór Haraldsson og Arnar Þór Sævarsson.

Einar K. Jónsson bauð fundarmenn velkomna og bar upp þá tillögu að Þorleifur Ingvarsson yrði kosinn formaður Samstarfsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu. Tillagan var samþykkt samhljóða. Formaður bar upp þá tillögu að Arnar Þór yrði ritari fundarins. Tillagan samþykkt samhljóða. Að því loknu tók formaður til máls og óskaði eftir sjónarmiðum fundarmanna til sameiningar sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Miklar umræður urður á fundinum.

Fram kom tillaga að Húnavatnshreppur myndi taka að sér fjármálalega umsýslu verkefnisins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Rætt var um að óska eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði um jöfnunarsjóðsframlag vegna vinnu við sameiningarinnar.

Rætt var um að ná samtali við stjórnvöld um hvata í atvinnu-og byggðamálum sem sveitarfélögin geti sameinist um.

Umræður urðu um við hvaða ráðgjafarfyrirtæki ætti að semja til að sjá um vinnuna í tengslum við sameiningu sveitarfélaga í A-Hún. Nokkur ráðgjafarfyrirtæki voru nefnd í þessu sambandi.

Samþykkt var að fela formanni að koma með tillögu að ráðgjafarfyrirtæki fyrir næsta fund Samstarfsnefndarinnar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:15